

30. ágúst 2019

Mættir: Elínrós, Erla, Sólveig, Vala, Heiðrún, Kristín, Guðjón Ingi, Ólafur Jóhann, Kjartan og Saga.

Efni:

- 1) Breyting á dagsetningu þemadags í skóladagatali;
Lagt til að breyta dagsetningu þemadags frá 3. september í 16. september sem dagur íslenskrar náttúru. Tillagan samþykkt einróma.
- 2) Fundartími og fyrirkomulag skólaráðsfunda;
Ákveðið að skólaráðsfundir verði til skiptis á miðvikudögum og föstudögum kl.08:30. Gert verður til fundardagatal. Gerð verður dagskrá fyrir hvern fund.
- 3) Skýrsla innri endurskoðunar;
Ákveðið að taka fyrir skýrslu innri endurskoðunar á komandi fundum þegar að fundarmenn hafa kynnt sér niðurstöður skýrslunnar.
- 4) Stefna Reykjavíkurborgar – Látum draumana rætast;
Ölduselsskóli vinnur að því að efla meginmarkmið menntastefnu Reykjavíkurborgar í gegnum ýmis viðfangsefni í kennslu. Innleiðing á „Sérfræðingskápunni“, verkefni Ásu Helgu frá HÍ sem hún vinnur í samvinnu við kennara í 2. og 3. bekk. Ása Helga var með námskeið fyrir allt starfsfólk
Í samstarfi við HR, Skema verður markviss kennsla fyrir nemendur í 4. til 7. bekk í vetur en kennari frá HR sér um kennsluna fram að áramótum og heldur utan um innleiðingu. Allir kennarar á þessu stigi fóru á námsskeið í september og fá áframhaldandi handleiðslu en taka síðan við kennslunni eftir áramót.
- 5) Afmælisár Ölduselsskóla;
Í vetur verður Ölduselsskóli 45. ára og skipuð hefur verið afmælisnefnd. Verið er að skoða fyrirkomulag á uppákomum í vetur. Hefð hefur skapast að allir nemendur og starfsfólk Ölduselsskóla geri sameiginlegt listaverk á stórafmælum skólans.
- 6) Símalaus skóli;
Umræða um hvernig ætti að skerpa á reglum í tengslum við símalausan skóla. Ýmsir hlutir nefndir s.s. keppni milli bekkja, veggspjöld og skráning í Mentor.
- 7) Önnur mál;
Kristín minntist á að möguleiki væri að foreldrafélagið myndi styrkja skólann við innkaup á spilum fyrir nemendur. Skoða á þörfina innan skólans og hvers konar spil vantar einna helst. Ábending til kennara barst um að upplýsa foreldra um það ef mörg ný börn eru í árgöngum svo foreldrar geti hvatt börnin sín til að bjóða þessa nemendur velkomna í skólann. Rætt var um að grunnskólar í Breiðholti fengju mun minna fjármagn inn í skólana heldur aðrir skólar í Reykjavíkurborg. Foreldrafélög Breiðholtsskólanna fimm sendu ályktun á fjölmiðla í tengslum við málið.

Fundi slitið 09:15

Fundarritari: Erla Erlendsdóttir